

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 1160/2015 um doktorsnám og doktorspróf við hugvísindasvið Háskóla Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglnanna:

3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Með samningu og vörn doktorsritgerðar sýni nemandinn fram á hæfni sína, leikni og þekkingu eins og nánar er kveðið á um í 11. gr.
- Í stað orðanna „Reglur um doktorsnám“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: Reglur þessar um doktorsnám.
3. mgr. fellur brott.
- Núverandi 4. mgr. orðast svo:

Doktorsnemum og leiðbeinendum þeirra ber að kynna sér og fylgja reglum um doktorsnám við Háskóla Íslands og gildandi samþykktum háskólaráðs um viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglnanna:

- 1., 2. og 3. mgr. orðast svo:

Í doktorsnámsnefnd hugvísindasviðs sitja formenn framhaldsnámsnefnda deilda, fulltrúi doktorsnema, rannsóknastjóri hugvísindasviðs, auk forseta fræðasviðs, sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Umsjónarmaður doktorsnáms er ritari nefndarinnar. Nefndin hefur í öllum faglegum málum samráð við viðkomandi námsbraut eða deild, eftir því sem við á, og getur nefndin boðað fulltrúa námsbrautar/deilda á fundi til að ræða mál sem tengjast einstökum doktorsverkefnum. Umsjónarmaður doktorsnáms er tengiliður nefndarinnar við doktorsnema, doktorsnefndir og aðra aðila innan deilda sem að doktorsnámi koma.

Ritari nefndarinnar er tengiliður fræðasviðsins við Miðstöð framhaldsnáms í málefnum doktorsnema í umboði formanns. Formaður doktorsnámsnefndar, eða staðgengill hans, er fulltrúi hugvísindasviðs í stjórn Miðstöðvar framhaldsnáms.

Doktorsnámsnefnd hugvísindasviðs hefur umsjón með doktorsnámi innan sviðsins og fylgist með því að samræmis sé gætt í verklagi og viðmiðum, kröfum og skyldum sem móta námið og umgjörð þess. Eftir faglega umfjöllun í námsbraut/deild fjallar hún um og afgreiðir umsóknir í samræmi við 5. gr. þessara reglna. Hún staðfestir náms- og rannsóknaráætlanir og breytingar á þeim, staðfestir val á leiðbeinanda og öðrum í doktorsnefnd, og einnig val á sérstökum umsjónarkennara þar sem við á, sbr. 9. gr. Að fenginni tilnefningu viðeigandi deilda og staðfestingu Miðstöðvar framhaldsnáms skipar doktorsnámsnefnd andmælendur, tekur við áliði þeirra og fylgir eftir kröfum um lagfæringer, komi til þess. Einnig sinnir nefndin öðrum málum varðandi doktorsnám sem forseti fræðasviðs eða sviðsstjórn kann að fela henni.

- Á eftir 2. málsl. 4. mgr. bætist við nýr málslíður, svohljóðandi: Ef atkvæði eru jöfn sker atkvæði formanns úr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglnanna:

2. málsl. 2. mgr. fellur brott.
- Á eftir 5. mgr. bætast við tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Deild og/eða námsbraut getur skilgreint sértækari kröfur um aðgang að doktorsnámi og skulu þær koma fram í kennsluskrá Háskóla Íslands.

Inntöku í doktorsnám fylgir ekki styrkur til náms.

4. gr.

- mgr. 4. gr. reglnanna breytist og orðast svo:

Hugvísindasvið tekur við umsóknum um doktorsnám fyrir haustmisseri og vormisseri ár hvert. Umsóknarfrestir miða við 2. lið 69. gr. reglna Háskóla Íslands og verða auglýstir sérstaklega. Hugvísindasvið tekur við umsóknum um doktorsnám fyrir utan auglýsta fresti þegar sérstaklega stendur á.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglnanna:

- a. 1. mgr. orðast svo:

Umsóknum skal skilað til nemendaskrár Háskóla Íslands á sérstöku rafrænu eyðublaði sem aðgengilegt er á vef skólans. Með umsókn um doktorsnám skal fylgja staðfest af prófskírteinum og fyrri námsferlum, hafi það nám ekki verið við Háskóla Íslands. Einnig skal fylgja náms- og rannsóknaráætlun með almennri lýsingu á rannsóknarverkefni, markmiðum þess og rannsóknarsprungum, faglegum forsendum nemandans til að vinna verkefnið, sem og drög að áætlun um skipulag námsins. Að auki skal fylgja staðfesting fyrirhugaðs leiðbeinanda.

- b. Í stað orðanna „viðeigandi námsbrautar/deildar“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: viðeigandi fastanefndar námsbrautar/deildar.
- c. 5. málsl. 2. mgr. fellur brott.
- d. 1. málsl. 3. mgr. fellur brott.

6. gr.

Orðin „og tilkynnir Miðstöð framhaldsnáms“ í lok 1. málsl. 2. mgr. 6. gr. reglnanna falla brott.

7. gr.

2., 3. og 4. mgr. 7. gr. reglnanna breytast og orðast svo:

Við upphaf náms skulu doktorsnemi og leiðbeinandi ganga frá skriflegri námsáætlun, að hámarki þrjár blaðsíður, þar sem kveðið er á um gagnkvæmar skyldur og réttindi aðila. Doktorsnámsnefnd staðfestir námsáætlun. Umtalsverðar breytingar á námsáætlun (svo sem breyting á skipan doktorsnefndar eða breyting á rannsóknarefnini sem gæti kallað á endurskoðun skipunar doktorsnefndar) síðar í doktorsnáminu eru háðar staðfestingu doktorsnámsnefndar.

Doktorsnemi skilar einnig rannsóknaráætlun snemma á námsferlinum. Nemandi í 180 eininga doktorsnámi skilar rannsóknaráætlun fyrir lok annars misseris en nemandi í 240 eininga doktorsnámi eigi síðar en við lok þriðja misseris. Hún skal vera 4.000–6.000 orða lýsing á væntanlegri doktorsritgerð. Í rannsóknaráætluninni skal gera grein fyrir viðfangsefni ritgerðarinnar, þeim spurningum sem bornar verða upp og rannsóknaraðferð. Uppbygging ritgerðarinnar skal útskýrð á greinargóðan hátt. Lýsingi fylgi drög að heimildaskrá. Doktorsnemi skal verja rannsóknaráætlunina munnlega fyrir doktorsnefnd að jafnaði innan tveggja vikna frá skilum. Að lokinni vörn skal rannsóknaráætlun send til doktorsnámsnefndar til endanlegrar staðfestingar. Umtalsverðar breytingar á rannsóknaráætlun síðar í doktorsnáminu eru háðar staðfestingu doktorsnámsnefndar og skulu byggjast á skýringum og rökstuðningi sem doktorsnefnd hefur fallist á. Telji meirihluti doktorsnefndar rannsóknaráætlun ekki fullnægjandi skal doktorsnema boðið að semja endurskoðaða rannsóknaráætlun eða ljúka námi með M.Phil.-gráðu, sbr. 19. lið 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

Doktorsnemi skal skila námsframvinduskýrslu eftir hvert misseri sem staðfest er af leiðbeinanda og umsjónarmanni doktorsnáms á hugvísindasviði. Staðfestar framvinduskýrslur eru forsenda skráningar eininga í doktorsnámi.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. reglnanna:

- a. 1. mgr. orðast svo:

Sérhver doktorsnemi skal frá upphafi náms hafa leiðbeinanda sem alla jafna skal vera fastráðinn akademískur starfsmaður í viðkomandi deild við Háskóla Íslands. Ef leiðbeinandi kemur úr framangreindum hópi er hann jafnframt umsjónarkennari doktorsnemans. Leiðbeinandi skal uppfylla kröfur sem gerðar eru til leiðbeinenda við háskólann, sbr. gildandi samþykktir háskólaráðs um viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands.

- b. 5. málsl. 3. mgr. fellur brott.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. reglnanna:

- a. 1. mgr. orðast svo:

Leiðbeinandi gerir tillögu um skipan doktorsnefndar eigi síðar en við lok fyrsta misseris og sendir framhaldsnámsnefnd deildar til samþykktar. Skipan nefndarinnar er háð staðfestingu doktorsnámsnefndar. Doktorsnefnd skal skipuð tveimur til þremur sérfróðum einstaklingum auk leiðbeinanda og skal a.m.k. einn þeirra ekki vera fastráðinn starfsmaður viðkomandi deildar. Leiðbeinandi er formaður nefndar. Ef umsjónarkennari er annar en leiðbeinandi, sbr. 9. gr., skal hann taka sæti í doktorsnefnd. Leiðbeinandi fylgist grannt með vinnu doktorsnema og veitir leiðsögn þangað til hann telur að ritgerð sé tilbúin til varnar. Aðrir nefndarmenn leggja mat á framvindu, gera athugasemdir við drög að doktorsritgerð og/eða einstökum köflum og taka þátt í leiðsögn þegar ástæða þykir til. Doktorsnefnd leggur mat á rannsóknar-áætlun sem doktorsnemi leggur fram, sbr. 7. gr. Doktorsnefnd og doktorsnemi funda eftir því sem þörf krefur á námstímanum en að jafnaði ekki sjaldnar en hálfssárslega í tengslum við skil á framvinduskýrslu.

- b. 3. málsl. 2. mgr. fellur brott.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðanna „vera 75.000–100.000 orð“ í lok 1. málsl. 1. mgr. kemur: ekki vera lengri en 100.000 orð.
- b. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Þegar doktorsnefnd telur ritgerð tilbúna til varnar og skrifstofa hugvísindasviðs hefur gengið úr skugga um að námsferill doktorsefnis og frágangur ritgerðar séu fullnægjandi skal doktorsnemi ganga frá prófarkalesnu handriti, sem sé fullbúið að efni og innihaldi, og skila rafrænu eintaki til deildar.
- c. Á eftir 4. málsl. 3. mgr. bætist við nýr málslíður, svohljóðandi: Um frágang vísast til leiðbeininga hugvísindasviðs.
- d. Í stað orðsins „íslensku“ í lok 3. málsl. 4. mgr. kemur: öðru máli en ensku.
- e. Í stað orðsins „ágrip“ í 4. málsl. 4. mgr. kemur: stutt ágrip.
- f. 5. mgr. orðast svo:

Þegar andmælendur hafa fallist á að ritgerð sé tæk til varnar og viðkomandi deild í kjölfarið ákvæðið að doktorsvörn skuli fara fram skal doktorsefni skila rafrænu eintaki af endanlegrí gerð hennar. Um frágang vísast til leiðbeininga hugvísindasviðs. Eftir að doktorsnafnbót hefur verið veitt skal ritgerð vistuð á stafrænu formi í gagnasafninu Opin vísindi (opinvisindi.is), sbr. 13. gr. Kjósi höfundur að hafa ritgerðina lokaða í Opnum vísindum skal hann skila einu prentuðu eintaki til Háskólabókasafns og einu eintaki til skrifstofu hugvísindasviðs.

11. gr.

1. mgr. 12. gr. reglnanna breytist og orðast svo:

Sjái doktorsnámsnefnd engin tormerki á því að ritgerð sé lögð fram til doktorsvarnar skipar hún, að tilnefningu deildar og að fenginni staðfestingu Miðstöðvar framhaldsnáms, two andmælendur við munulega vörn ritgerðarinnar. Andmælendur skulu uppfylla viðmið um hæfi og faglega hæfni sem gerð eru til andmælenda og tiltekin eru í gildandi viðmiðum og kröfum um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands. Einungis þeir sem hafa lokið doktorsprófi eða áunnið sér jafngildi þess geta verið andmælendur við doktorsvarnir hjá deildum hugvísindasviðs. Andmælendur fá skipunarbréf með upplýsingum um doktorsnám við Háskóla Íslands og leiðbeiningum um mat ritgerðar og vörn frá formanni doktorsnámsnefndar eigi síðar en með eintaki af ritgerð sem þeir fá til mats.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. reglnanna:

- a. Á eftir 2. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Telji andmælendur að ritgerð sé ekki tæk til varnar skal málínu skotið til deildar. Doktorsefni skal undir öllum kringumstæðum fá tækifæri til að gera endurbætur á ritgerð eða, ef svo ber undir, að skila alveg nýrri ritgerð í samstarfi við leiðbeinanda og doktorsnefnd. Alla jafna skal skipa nýja andmælendur til að meta nýja ritgerð.

- b. Núverandi 4. mgr. orðast svo:

Endanleg gerð ritgerðar skal send andmælendum eigi síðar en fjórum vikum áður en vörn fer fram og skal hún jafnframt gerð aðgengileg á Opnum vísindum eða, kjósi höfundur að loka ritgerð, liggja frammi á skrifstofu hugvísindasviðs og Háskólabókasafni fram að vörn. Ekki er heimilt að gera efnislegar breytingar á ritgerðinni eftir að hún hefur verið metin tæk til varnar. Um frágang ritgerðar er kveðið á í 11. gr.

- c. 4. málsl. núverandi 5. mgr. fellur brott.

- d. Í stað núverandi 8. og 9. málsl. núverandi 5. mgr. kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Ákveði andmælendur og deildarforseti að veita ekki doktorsnafnbót skal ritgerð sem birt hefur verið í Opnum vísindum lokað.

13. gr.

Í stað orðsins „segja“ í 3. málsl. 1. mgr. 15. gr. reglnanna kemur: tiltaka.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðanna „skulu fylgja fjölgur eintök“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: skal fylgja rafrænt eintak.

- b. 4. mgr. orðast svo:

Reynist ekki unnt að fá hæfa dómnefndarmenn til að meta ritgerð er deild heimilt að synja umsækjanda um mat á ritgerð á þeim grundvelli.

- c. Í stað orðanna „að fenginni umsögn“ í 1. málsl. 7. mgr. kemur: að fengnu samþykki.

15. gr.

Á eftir 3. málsl. 1. mgr. 24. gr. reglnanna kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Deildin birtir viðmið um mat eininga fyrir einstaka þætti almenna hlutans.

16. gr.

Reglur þessar eru settar af háskólaráði með heimild í 3. mgr. 18. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008. Reglurnar hafa verið samþykktar af guðfræði- og trúarbragðafræðideild, íslensku- og menningardeild, mála- og menningardeild, sagnfræði- og heimspekideild, stjórн hugvísindasviðs og Miðstöð framhaldsnáms, sbr. 66. og 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 11. nóvember 2019.

Jón Atli Benediktsson.

Pórður Kristinsson.